

## Stjórnarfundur í Þyt 15. maí 2017.

Mættir: Pétur, Markús Elvar, Árni Þór, Jóhann og Gunnar Freyr.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Formaður lagði fram gömul gögn sem hann hafði fengið afhent frá fyrrverandi gjaldkera.
3. Fjallað var um einstök atriði varðandi endurgerð heimasíðu en Gunnar Freyr er að vinna að málinu.
4. Fjallað um þá hugmynd að virkja foreldra í auknum mæli til að aðstoða við gæslu í frjálsum tímum. Sú hugmynd kom m.a. fram að það sé borið undir foreldra að taka að sér laugardagstímana.
5. Rætt um framkvæmdaratriði varðandi okkar þátt í hátíðahöldum sjómannadagsins.
6. ÍBH þing. Formaður benti á að Þytur þurfi að senda fulltrúa á þingið.
7. Gunnar Freyr greindi frá að hafnarstjóri hafi komið við og tilkynnt um aukið malbikað svæði í nágrenni við klúbbhúsið.
8. Gunnar Freyr greindi frá hugmynd sem kom frá einu foreldri um að mikilvægt væri að koma upp skilrúmum í baðaðstöðu til þess að börn sem eru að koma úr baði blasi ekki við þeim sem opnar ytri hurð að böðunum. Gunnar Freyr mun kynna sér verð á heppilegu efni í slík skilrúm.
9. Formaður greindi frá að skila þurfi inn reikningum vegna fyrirliggjandi viðhalds á bátum og fl. Við þurfum að sýna að við nýtum þá fjármuni sem til þessara nota eru ætluð. Samþykkt að gera upp ógreiddan reikning frá fyrra ári vegna þessara nota.
10. Formaður ræddi geymslugjöld báta. Fyrrum gjaldkeri býr yfir upplýsingum sem formaður mun nálgast.
11. Optimist mál. Formaður telur brýnt að panta 5 Optimist báta. Þegar fjárhagsáætlun var gerð var hluti af viðhaldi báta ætlað að koma frá tómstundadeild bæjarins. Nýir Optimist bátar hafa verið fengnir að láni frá Brokey til að keppendur okkar geti keppt á fyrsta flokks bátum í komandi keppni. Skýrt er tekið fram í samningi við bæinn að gert er ráð fyrir ákveðnu fjármagni í viðhald báta.
12. Skýjaborgin. Taka þarf stöðuna í endurgerð bátsins. Plasta þarf óvarða hluta viðarins og setja bátinn út. Árni Þór mun tala við Rúnar Steinsen um málið. Einnig kom fram að Aquarius hefur fengið frest til mánaðarloka til að ljúka þeim undirbúningi sem þarf til sjósetningar og fjarlægja bátinn af geymslusvæði.
13. Gunnar freyr fór yfir nokkur atriði sem fjallað var um á formannafundi SÍL. Könnun verður send út af Siglingasambandinu til aðildarfélaga til að kanna þátttöku í siglingaíþróttinni. Einnig að off shore keppni verður haldin hér á landi 2018. Þá kom fram að Eystland verður með æfingarbúðir 24-29 júlí. Okkur býðst að senda 4 keppendur, en helmingur kostnaðar verður greiddur af SÍL.
14. Formaður greindi frá að gengið hefði verið að mestu frá samningi við erlendan þjálfara. Enn á eftir að ganga frá smáatriðum og undirrita samninginn. Starfslýsing þjálfara og verktakasamningurinn verða lögð fram á næsta fundi.